



Alþingi
Erindi nr. P 140/749
komudagur 9.12.2011

7. desember 2011
SI-80406

Nefndasvið Alþingis
nefndasvið@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samanburðarrannsókn á túlkun reglna EES-samningsins er varða viðskipti, samkeppni og styrkjakerfi í iðnaði, landbúnaði og öðrum atvinnugreinum., 94. mál á 140. löggjafarþingi.

Með tölvupósti dags. 9. nóvember 2011, óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemdir við tillöguna sem slíka, en bendir á að setning reglna og stjórnvaldsfyrirmæla verður ávallt að vera á grundvelli laga, sem sett eru af Alþingi, og á það einnig við um stjórnvaldsfyrirmæli sem sett eru vegna EES-samningsins. Þá er einnig ljóst að öll túlkun eða beiting slíkra stjórnvaldsfyrirmæla verður að vera innan ramma laganna. Það er því löggjafans að ákveða það hvort svigrúm til setningar reglna, og þar með beitingar þeirra og túlkunar í kjölfarið, sé þröngt eða rúmt, en ekki stjórnsýslunnar eða einstakra embættismanna innan hennar.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur